

Fundur hjá hverfisráði Grímseyjar þann 10. mars 2014-03-12

Mætt:

Jóhannes Gísli Henningsson formaður
Sigrún Þorlaksdóttir ritari
Magnús Þór Bjarnason

1. Gámasvæðið við höfnina er til skammar, bæði gámarnir sem sendir eru með brotin lok o.fl. og umhverfið. Pollar eru víða við gámana og verulega þarf að snyrta þar til og laga. Steypa þyrfti undir þá plan og setja upp lágan vegg eða eitthvað álíka sem lokar svæðið aðeins af.
2. Frárennslismál eyjarinnar eru mjög slæm. Klóakrör liggja fram af bökkum og úr þeim lekur ofan í fjöru. Eitthvað sem mjög brýnt er að laga.
3. ISAVIA ætlað að láta leggja bundið slitlag á flugbrautina í vor. Leggjum við til að Akureyrbær semji við þá og nýti tækjakost til að laga hérna vegina sem eru vægast sagt mjög illa farnir. *(Verktaka)* *(Krefjumust)*
4. Sýnt hefur verið fram á að heitt vatn sé á eyjunni og leggjum við því til að borað verði eftir því.
5. Gott væri að fá göngustíga hringinn á eyjunni þar sem straumur ferðamanna er ört vaxandi.
6. Tjaldstæði eyjarinnar er í miklu ólagi og nauðsynlegt að útbúa aðstöðu fyrir ferðafólk.
7. Girðingar uppi í almenningi eru í mjög slæmu ásigkomulagi og þarfnaðast viðgerða.
8. Laga þarf veginn upp að vita og planið þar.
9. Fegra þarf svæðið austan við Sandvíkurtjörn.
10. Ráðlegt væri að sléttu í kringum iðnaðarsvæðið.
11. Mun stærra og betra útigrill vantar við Múla.
12. Verka þarf undan grindahliði norðan flugvallar því skepnur eru farnar að ganga yfir það.
13. Þá væri hentugt að fá stórt skilti í eyjuna með myndum, nöfnum og upplýsingum um þá fugla sem á henni finnast.
14. Síðast, en alls ekki síst, skorum við á forsvarsmenn Akureyrbæjar að beita sér fyrir auknum byggðarkvóta til Grímseyjar. Þessar úthlutanir eru til háborinnar skammar, ekki síst þegar horft er til nágrannasveitarfélaga.

Grímsey, 10.mars 2014

Foruafur: Jóhannes G. Henningsson

Ritari: Sigrún Þorlaksdóttir

Magnús Þ. Bjarnason